


Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Egilsstöðum 6. nóvember 2014

Efni: Krafa um að Skipulagsstofnun láti af efnislegri umfjöllun um frummatsskýrslu vegna kísilmálmverksmiðju Thorsil í Helguvík. Athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Til undirritaðs hefur verið leitað af hálfu AGC ehf. (Atlantic Green Chemicals), kt. 621104-2840, varðandi hagsmunagæslu vegna framkominnar frummatsskýrslu fyrir kísilmálmverksmiðju á vegum Thorsil í Helguvík.

AGC ehf. hefur unnið að uppbyggingu lífalkóhól- og glýkólverksmiðju við Helguvíkurbraut á undanförunum árum (hér eftir nefnd glýkólverksmiðja). Skipulagsstofnun veitti álit um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 11. gr. laga nr. 106/2000, þann 2. mars 2012. Í niðurstöðu álitsins kom m.a. fram:

Fyrirhuguð framkvæmd virðist falla vel að skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og ekki fyrirséð að hún valdi takmörkunum á landnotkun í nágrenni verksmiðjunnar þar sem ekki þarf að gera ráð fyrir þynningarsvæði vegna hennar.

Verksmiðja AGC ehf. er fyrirhuguð á lóð nr. 4, sem er 44.467 fm, og nefnd Stakksbraut nr. 4 samkvæmt sérstöku lóðarvilyrði Reykjanesbæjar. Lóðin liggur norðan við lóðina Stakksbraut 9. Í frummatsskýrslu AGC ehf. var gerð grein fyrir legu verksmiðjunnar, sbr. t.d. bls. 18 og mynd á bls. 29.

Reykjanesbær veitti umsögn vegna mats á umhverfisáhrifum verksmiðju AGC ehf., dags. 20. október 2011. Í umsögninni kom m.a. fram að fyrirhuguð framkvæmd félli vel að markmiðum Reykjanesbæjar um uppbyggingu í Helguvík.

Einn þáttur í starfrækslu verksmiðju AGC ehf. byggir á því að kaupa gufu af starfandi kísilverksmiðju. Undirbúningsvinna að verksmiðjunni hefur því verið háð framgangi uppbyggingar á kísilverksmiðju í Helguvík, sem fyrirhuguð hefur verið á Stakksbraut 9. Nálægð við slíka verksmiðju og höfn, skiptir verulegu máli um framgang verkefnisins.

Í fundargerð atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar, dags. 30. maí 2014, er fjallað um gerð samninga við Thorsil ehf. vegna kísilvers fyrirtækisins að Berghólabraut 4. Sú lóð er ekki til samkvæmt núgildandi skipulagsáætlunum.

Í frummatsskýrslu Thorsil ehf. er gerð grein fyrir fyrirhugaðri legu verksmiðju fyrirtækisins. Vísað er til myndar nr. 2.9 á bls. 10. Á myndinni er gerð grein fyrir að fyrirhuguð lóð Thorsil nái yfir lóðir nr. 11, 13, 15, 17, 19 og 21 við Berghólabraut og lóð nr. 4, sem er 44.467 fm.

Í ljósi þessa er sýnt að framkvæmd Thorsil ehf. er á sama framkvæmdasvæði og fyrirhuguð glýkólverksmiðja AGC ehf. og fjallað var um í álit Skipulagsstofnunar frá 2. mars 2012. Við þessa stöðu getur AGC ehf. ekki unað.

Með umhverfismati AGC ehf. á glýkólverksmiðju og öðrum undirbúningi verkefnisins hefur félagið kostað til verulegum fjármunum. Réttarstaða AGC ehf. markast m.a. af lóðarvilyrði Reykjanesbæjar og álit Skipulagsstofnunar um framkvæmd félagsins, dags. 2. mars 2012.

Krafa um að Skipulagsstofnun láti af efnislegri umfjöllun um fyrirhugaða framkvæmd Thorsil ehf. Álit Skipulagsstofnunar, dags. 2. mars 2012, um framkvæmd AGC ehf., er bindandi stjórnvaldsákvörðun sem ekki hefur verið hnekkt, sbr. lög nr. 106/2000 og ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, einkum 14. gr. Eins og tilgreint hefur verið hér frammar, féll framkvæmd AGC ehf. vel að gildandi skipulagsáætlunum við Helguvíkurböfn.

Réttarstaða AGC ehf. markast m.a. af ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000:

Ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Í ákvæðinu felst að AGC ehf. hefur fengið bindandi niðurstöðu Skipulagsstofnunar um uppbyggingu glýkólverksmiðju á lóð nr. 4, norðan við Stakksbraut. Álit Skipulagsstofnunar hefur verið auglýst, lögum samkvæmt.

Með umfjöllun um framkvæmd Thorsil ehf. á sama framkvæmdasvæði er réttarstöðu AGC ehf. raskað. Þá er ljóst að að framkvæmd Thorsil ehf. fellur ekki að gildandi skipulagsáætlunum í Helguvíkurböfn og fyrirætlanir félagsins kalla á breytingar skipulagsáætlana.

Í gögnum málsins liggur ekki fyrir á hvaða grundvelli Skipulagsstofnun hefur tekið tillögu Thorsil ehf. að matsáætlun til umfjöllunar og þá hvort gerð hafi verið grein fyrir því að framkvæmdin væri á sama framkvæmdasvæði og fyrirhuguð framkvæmd AGC ehf, sbr. lokamálslið 8. gr. laga nr. 106/2000, sbr. breytingarlög nr. 49/2014:

Skipulagsstofnun er ekki skylt að taka til efnislegrar meðferðar tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í þeim tilvikum þegar framkvæmd er fyrirhuguð á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem þegar er til efnislegrar meðferðar samkvæmt lögum þessum eða ef fyrir liggur ákvörðun skv. 6. gr. eða álit skv. 11. gr. um framkvæmd á sama framkvæmdastað. Ákvæði þetta á ekki við ef ekki hefur verið gefið út leyfi til framkvæmda fyrir þeirri framkvæmd sem var til efnislegrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun innan þriggja ára frá því að tillagan barst Skipulagsstofnun.

Í umræddu lagaákvæði felst að Skipulagsstofnun, þarf að taka rökstudda afstöðu til þess hvort tillaga framkvæmdaaðila, sem er á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem Skipulagsstofnun hefur gefið út álit á, verði tekin til efnislegrar meðferðar eða slíkri meðferð verði framhaldið. AGC ehf. gerir hér með kröfu um að Skipulagsstofnun taki afstöðu til þessa.

Framkvæmdaaðili, Thorsil ehf., virðist ekki hafa upplýst stofnunina um þá stöðu að umhverfismat AGC ehf. hafi fjallað um glýkólverksmiðju á Stakksbraut 4. Óljóst er hvort Skipulagsstofnun hafi gert sér grein fyrir þeirri stöðu. Ákvörðun um framhald efnislegrar umfjöllunar, verður því gerð í ljósi nýrra upplýsinga sem felast í erindi þessu.

Með vísan til framangreinds lagaákvæðis og meginreglna stjórnsluréttar verður að liggja fyrir á grundvelli hvaða forsenda/sjónarmiða Skipulagsstofnun hefur tekið matsáætlun Thorsil ehf. til

umfjöllunar, eða hyggst halda henni áfram. Sýnt er að málsmeðferð um matsáætlunina og álit Skipulagsstofnunar, varðar með beinum hætti réttindi og skyldur AGC ehf., sem felast í álit Skipulagsstofnunar, dags. 2. mars 2012.

Fyrirhuguð framkvæmd AGC ehf. á lífalkóhól- og glýkólverksmiðju við Helguvíkurböfn, var til efnislegrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun allt fram til 2. mars 2012, þegar stofnunin gaf út álit sitt. Í ljósi þessa ætti efnisleg umfjöllun Skipulagsstofnunar um framkvæmd Thorsil ehf. ekki að hefjast fyrr en í fyrsta lagi eftir 2. mars 2015. Að öðrum kosti er gengið á rétt AGC ehf.

Veigamikil sjónarmið þurfa að liggja að baki því ef Skipulagsstofnun hyggst halda efnislegri umfjöllun um fyrirætlanir Thorsil ehf. áfram og ryðja þar með réttarvernd AGC ehf. fyrir álit Skipulagsstofnunar frá 2012, samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum.

Af þessu tilefni er því komið á framfæri að afstaða Skipulagsstofnunar til kröfu AGC ehf. getur varðað gildi álits stofnunarinnar um framkvæmd Thorsil ehf.


Athugasemdir við frummatsskýrslu Thorsil ehf.

Af hálfu AGC ehf. er matsáætlun Thorsil ehf. mótmælt. Byggt er á því að Skipulagsstofnun, skuli hafna matsáætluninni. Fyrirhuguð framkvæmd raskar hagsmunum AGC ehf. með stórkostlegum hætti, þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu verksmiðju á sama svæði, sbr. ítarlega umfjöllun hér fyrr.

Vísað er til þess að í gögnum Thorsil ehf. skortir að fjallað sé með nægjanlegum hætti um starfsemi sem er fyrirhuguð á Helguvíkursvæðinu, sbr. kafla 3.4 í frummatsskýrslu. Sérstaklega er vísað til fyrirhugaðrar glýkólverksmiðju AGC ehf.

Þá er í umfjöllun um kosti, sbr. kafla 3.5. ekki fjallað um möguleika á annarri staðsetningu á Helguvíkursvæðinu sem leiddi ekki til röskunar á framkvæmdum sem Skipulagsstofnun hefur þegar fjallað um. Í ljósi þessa er umfjöllun um núllkost í kafla 3.5.1 röng, sbr. fyrirætlanir AGC ehf. að nýta sömu lóð. Núllkostur felur því í raun í sér að verksmiðja AGC ehf. verður ekki útilokuð, sem felur í sér að núllkostur er að umhverfisvænn nýsköpunar- og þekkingariðnaður mun byggjast upp á svæðinu, í stað kísilmálmverksmiðju.

Virðingarfyllst,



Jón Jónsson hrl.